

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna nýrrar stofnunar, Landlæknis – lýðheilsu.

(Eftir 2. umr., 17. mars.)

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

1. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

##### *Markmið.*

Markmið laga þessara er að stuðla að heilbrigði landsmanna, m.a. með því að efla lýðheilsustarf og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og stuðla að því að lýðheilsustarf og heilbrigðisþjónusta byggist á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

##### 2. gr.

2. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

##### *Landlæknir – lýðheilsa.*

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Landlæknir – lýðheilsa, undir yfirstjórn velferðar-ráðherra.

Landlæknir veitir stofnuninni forstöðu. Ráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn að fengnu mati nefndar skv. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Hann skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði, þekkingu á sviði lýðheilsu og vídtæka reynslu eða menntun á sviði stjórnunar.

Landlæknir ber ábyrgð á að stofnunin sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Landlæknir ræður starfsfólk stofnunarinnar.

##### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Við bætist nýr töluliður, 1. tölul., sem orðast svo: *Lýðheilsustarf*: Felur í sér að viðhalda og bæta heilbrigði, líðan og aðstæður þjóðarinnar og þjóðfélagshópa með heilsueflingu, forvörnum og heilbrigðisþjónustu.
- b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 2. tölul. kemur: Landlæknis – lýðheilsu.

##### 4. gr.

4. gr. laganna ásamt fyrirsögn flyst í I. kafla laganna og orðast svo:

##### *Meginhlutverk stofnunarinnar.*

Hlutverk stofnunarinnar er m.a. eftirfarandi:

- a. að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, fagfólki og almenningi ráðgjöf og fræðslu um málefni á verksviði stofnunarinnar,
- b. að annast forvarna- og heilsueflingarverkefni,

- c. að efla lýðheilsustarf í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa og styðja við menntun á sviði lýðheilsu,
- d. að vinna að gæðapróun,
- e. að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum,
- f. að hafa eftirlit með lyfjaávisunum og fylgjast með og stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna,
- g. að veita starfsleyfi til einstaklinga sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða til notkunar starfsheita löggiltra heilbrigðisstétta,
- h. að stuðla að því að menntun heilbrigðisstarfsmanna sé í samræmi við kröfur heilbrigðisþjónustunnar á hverjum tíma,
- i. að sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu,
- j. að bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna, sbr. sóttvarnalög,
- k. að safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu,
- l. að meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera hann saman við sett markmið,
- m. að stuðla að rannsóknum á starfssviðum stofnunarinnar,
- n. að sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni er falið að sinna samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Ráðherra er heimilt að skilgreina verkefni stofnunarinnar nánar með reglugerð.

Landlækni – lýðheilsu er enn fremur heimilt að gera samninga við háskólastofnanir og aðrar stofnanir um samstarf á sviði rannsókna, kennslu og þjónustu er tengjast verkefni stofnunarinnar.

#### 5. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Markmið, skipun landlæknis, skilgreiningar og hlutverk.**

#### 6. gr.

Á eftir I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Fagrád og lýðheilsusjóður**, með tveimur nýjum greinum sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

- a. (4. gr. a.)

#### *Fagrád.*

Landlæknir skal setja á fót fagrád á helstu verkefnum stofnunarinnar, þ.m.t. á sviði áfengis- og vímuvarna og tóbaksvarna, sem í eiga sæti sérfróðir aðilar og fulltrúar stofnana og félagsamtaka á viðkomandi sviði. Fagrád skulu vera stofnuninni til ráðgjafar.

Landlæknir setur reglur um skipan fagráða sem ráðherra staðfestir.

- b. (4. gr. b.)

#### *Lýðheilsusjóður.*

Starfrækja skal lýðheilsusjóð sem hefur það hlutverk að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laga þessara, sbr. 1. gr., bæði innan og utan stofnunarinnar.

Stjórn lýðheilsusjóðs ráðstafar fé úr sjóðnum í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 4. mgr. Stjórn sjóðsins skipa sjö fulltrúar, fjórir tilnefndir af fagráðum, tveir fulltrúar Landlæknis – lýðheilsu og formaður sem skipaður er af ráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Til lýðheilsusjóðs rennur hlutfall af innheimtu áfengisgjaldi í samræmi við ákvæði laga um gjald af áfengi og tóbaki, hlutfall af brúttósölu tóbaks í samræmi við ákvæði laga um tóbaksvarnir og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.

Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um ráðstöfun fjár úr lýðheilsusjóði. Í reglugerð skulu sett ákveðin viðmið við úthlutun styrkja til mismunandi málaflokka, svo sem forvarna- og lýðheilsustarfs. Jafnframt skulu sett viðmið vegna ráðstöfunar fjármagns úr sjóðnum til verkefna og reksturs viðkomandi málaflokka innan stofnunarinnar.

#### 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
- b. 2. mgr. orðast svo:  
Stofnunin getur gefið út faglegar leiðbeiningar til heilbrigðisstarfsmanna, heilbrigðisstofnana og þeirra sem sinna lýðheilsustarfi, þar á meðal leiðbeiningar sem miða að nálgun og lausn vandamála í samræmi við bestu þekkingu á hverjum tíma. Leiðbeiningarnar skulu kynntar heilbrigðisstarfsmönnum og þeim sem sinna lýðheilsustarfi og vera aðgengilegar almenningi.
- c. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 3. mgr. kemur: Stofnunin.

#### 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: Landlæknis – lýðheilsu.
- b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. másl. 2. mgr. og sama orðs hvarvetna í 2.–6. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
- c. Í stað orðsins „hann“ í 3. másl. 2. mgr. og 5. mgr. kemur: hún; og í stað orðsins „hans“ í 6. mgr. kemur: hennar.

#### 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
- b. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 2. másl. 1. mgr. og sama orðs hvarvetna í 1.–3. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
- c. Í stað orðsins „hann“ í 2. másl. 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. kemur: hún.

#### 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
- b. Í stað orðsins „Hann“ í 3. másl. 1. mgr. kemur: Stofnunin.
- c. Í stað orðsins „landlæknis“ í 4. másl. 1. mgr. og sama orðs hvarvetna í 2., 3., 5., 6. og 7. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
- d. Við 2. mgr. bætast tveir nýir tölulíðir, svohljóðandi:
  9. Skrá um sykursýki.
  10. Dánarmeinaskrá.
- e. Við 2. mgr. bætast tveir nýir máslíðir, svohljóðandi: Stofnuninni er heimilt að taka til varðveislu gagnasöfn um sjúkdóma sem stofnað var til fyrir setningu tölvulaga. Meðferð

upplýsinga úr slíkum gagnasöfnum verði með heimild Persónuverndar og vísindasiðanefndar.

f. 4. mgr. orðast svo:

Stofnunin er ábyrgðaraðili þeirra skráa sem hún skipuleggur.

- g. Í stað orðsins „honum“ í 1. másl. 5. mgr. og 3. másl. 6. mgr. kemur: henni; og í stað orðsins „hann“ í 1. og 3. másl. 6. mgr. kemur: hún.
- h. Í stað orðsins „embættisins“ í 2. másl. 5. mgr. kemur: stofnunarinnar.
- i. Í stað orðanna „sjúkratryggingastofnunin og Lýðheilsustöð“ í 4. másl. 5. mgr. kemur: og sjúkratryggingastofnunin.

#### 11. gr.

Í stað orðanna „landlækni“ og „landlæknis“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: Landlækni – lýðheilsu; og: stofnunarinnar.

#### 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „landlækni“ í 1. mgr. kemur: Landlækni – lýðheilsu.
- b. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. másl. 2. mgr. og sama orðs hvarvetna í 2.–6. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
- c. Í stað orðsins „hann“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: hún.

#### 13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
- b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 2. mgr. kemur: stofnunarinnar; og í stað orðsins „Landlæknir“ í 3. mgr. kemur: Stofnunin.

#### 14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Landlækni“ og „hans“ í 1. mgr. kemur: Landlækni – lýðheilsu; og: stofnunarinnar.
- b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. og 2. másl. 2. mgr. og sama orðs hvarvetna í 4. mgr., 1., 4. og 5. másl. 5. mgr. og 6. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
- c. Í stað orðsins „hans“ í 2. másl. 4. mgr. kemur: hennar.
- d. Í stað orðanna „landlækni sjálfum“ í 2. másl. 5. mgr. kemur: stofnuninni sjálfri.
- e. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Kvörtun til Landlæknis – lýðheilsu.*

#### 15. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Eftirlit með heilbrigðisþjónustu.**

#### 16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
- b. Í stað orðsins „Landlæknir“ 1. másl. 2. mgr. kemur: Stofnunin.
- c. Í stað orðanna „telji hann“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: telji hún.

- d. Í stað orðsins „landlækni“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: stofnuninni.
- e. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Eftirlit Landlæknis – lýðheilsu með heilbrigðisstarfsmönnum.*

## 17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „landlæknir var“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa vör.
- b. Í stað orðanna „skal hann“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: skal stofnunin.
- c. Í stað orðsins „landlæknis“ í 2. másl. 1. mgr. og 3. mgr. kemur: stofnunarinnar; og í stað orðsins „landlæknir“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: stofnunin.

## 18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „landlæknis“ og „hann“ í 1. mgr. kemur: Landlæknis – lýðheilsu; og: stofnunin.
- b. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 2. mgr. og sama orðs hvarvetna í 3., 5. og 6. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.

## 19. gr.

Í stað orðsins „landlæknis“ í 16. gr. laganna kemur: Landlæknis – lýðheilsu.

## 20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Landlæknir getur“ í 1. másl. kemur: Landlæknir – lýðheilsa getur.
- b. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 2. másl. kemur: Stofnunin.

## 21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
- b. Í stað orðsins „Landlæknir“ í 1. másl. 2. mgr. og sama orðs hvarvetna í 2. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.

## 22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „landlæknir“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
- b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 2. másl. 1. mgr. og sama orðs hvarvetna í 3.–4. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarmynd: stofnunin.
- c. Í stað orðanna „getur hann“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: getur hún.

## 23. gr.

Í stað orðanna „Landlæknir getur“ í 20. gr. laganna kemur: Landlæknir – lýðheilsa getur.

## 24. gr.

Við lög in bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

## a. (I.)

Öll störf hjá landlæknisembættinu og Lýðheilsustöð eru lögð niður frá 1. maí 2011. Starfsmönnum landlæknisebættisins og Lýðheilsustöðvar skal boðið starf hjá hinni nýju stofnun frá og með sama tíma. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra er heimilt að flytja landlækni, sem skipaður er samkvæmt lögum um landlækni, í embætti forstöðumanns stofnunarinnar, skv. 36. gr. laga nr. 70/1996.

## b. (II.)

Landlæknir – lýðheilsa tekur frá 1. maí 2011 annars vegar við eignum landlæknisebættisins og hins vegar við eignum Lýðheilsustöðvar sem og réttindum og skyldum þeirra að því er varðar framkvæmd þeirra laga sem falla undir málefna svið þeirra á þeim tíma.

## 25. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um landlækni og lýðheilsu.**

## II. KAFLI

**Brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð.**

## 26. gr.

Lög nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, falla úr gildi.

## III. KAFLI

**Gildistaka.**

## 27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2011.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál I. kafla þeirra inn í lög um landlækni, nr. 41 27. mars 2007, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

## IV. KAFLI

**Breytingar á öðrum lögum.**

## 28. gr.

*Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.*

7. gr. laganna orðast svo:

Af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skal 1% renna í lýðheilsusjóð, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu.

## 29. gr.

*Breyting á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum.*

- a. Orðin „að höfðu samráði við tóbaksvarnanefnd og“ í 10. mgr. 8. gr. laganna falla brott.
- b. Í stað orðsins „tóbaksvarnanefnd“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Landlækni – lýðheilsu.

- c. 15. gr. laganna orðast svo:

A.m.k. 0,9% af brúttósölu tóbaks skal renna í lýðheilsusjóð, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu.

30. gr.

*Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.*

1. Í stað orðanna „Embætti landlæknis“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
2. Í stað orðanna „Við embætti landlæknis“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Hjá Landlækni – lýðheilsu.
3. Í stað orðanna „embætti landlæknis“ í 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: Landlækni – lýðheilsu.

31. gr.

*Breyting á lögum nr. 61/1998, um dánarvottorð, krufningar o.fl.*

- a. Í stað orðsins „landlæknir“ í 1. gr. laganna kemur: Landlæknir – lýðheilsa.
- b. 5. og 6. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:
 

Sýslumaður sendir dánarvottorð svo fljótt sem kostur er til Þjóðskrár Íslands. Jafn-skjótt og andlát hefur verið skráð í þjóðskrá, ásamt nauðsynlegum upplýsingum, sendir Þjóðskrá Íslands dánarvottorðið til Landlæknis – lýðheilsu.

Hagstofa Íslands semur skýrslur um dánarorsakir og andvana fædd börn hér á landi. Landlæknir – lýðheilsa skal afhenda Hagstofunni þau gögn sem hún óskar eftir og nauðsynleg eru í þeim tilgangi.
- c. 11. gr. laganna orðast svo:
 

Fæðist barn andvana skal ekki ritað dánarvottorð, en um það skal tilkynnt til Þjóðskrár Íslands og Landlæknis – lýðheilsu.
- d. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: Landlæknis – lýðheilsu.
- e. 4. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Hvernig Þjóðskrá Íslands og Landlækni – lýðheilsu verði tilkynnt um andvana fædd börn.

32. gr.

*Breyting á lögum nr. 16/2001, um lækningatæki.*

- a. Í stað orðsins „landlæknir“ í 4. mgr. 1. tölul. 3. gr., 2. mgr. 5. gr., 8. gr., 2. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. laganna og orðsins „landlækni“ í 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. kemur: Lyfjastofnun.
- b. Í stað orðsins „landlæknis“ í 1. mgr. 9. gr. og 12. gr. laganna og orðsins „hann“ í 1. mgr. 9. gr. kemur: Lyfjastofnunar, og: stofnunin.

